


í fyrirhugaðrar lista-
í heildarsafni verka Errós,
ku. HULDA STEFÁNSDÓTTIR
í Noregi.


ERRÓS



Morgunblaðið/Kristinn
„ÉG HEF aldrei haft sérstakan áhuga á teikni-
myndasögum sem slíkum,“ segir Erró.



TIL VINSTRI: Aafter Burn, úr samnefndri myndaseríu. 162x97 cm, 1995. Erró ljóstraði því
upp að þetta væri mynd sem hann héldi sjálfur mikið upp á. Til hægri: Le Nu Descendant
l'Escalier, úr seríu frá 1989-1994. 83x100 cm.



Inni Listasagan. 220x490 cm, 1992.

anna gerð skil. Það eru töggur í þessum skvímum
þar sem þær standa ábúðarmiklar í forgrunni
myndanna í fullri líkamsstærð. Margar þessara
mynda verða á sýningunni í Hafnarhúsinu auk
fleiri verka listamannsins frá síðustu árum.
„Næst langar mig að gera konurnar enn stærri,
eitthvað fjörukt og skemmtilegt,“ segir Erró.
„Teiknimyndasögurnar hafa breyst svo mikið á
síðustu árum að ég veit ekki hvað ég get notað
þetta efni mikið lengur. Þær eru mikið til tölvu-
unnar og undir japönskum áhrifum í útliti per-
sónanna sem eru eins og lítill vélmenni með ská-
sett augu. Þar er líkaminn að hverfa fyrir vél-
inni.“ Teiknimyndpersónunum hefur Erró
sankað að sér árum saman, hann segist safna
persónu persónunum lengi og þegar sér þyki komið
nóg þá byrji hann að vinna úr hráefninu.

Hér finnur sýningarstjórinn sig tilknúinn til
að leggja orð í belg. „Þetta segir hann alltaf,“
segir Gunnar. „Hann lætur eins og hlutirnir

bara æxlist svona en auðvitað er þetta allt sam-
an úthugað af honum og mjög skipulagt. Gott
dæmi er myndin Nakin kona gengur niður stíga
sem vísar til samnefnds málverks Marcel
Duchamps. Marokkókona situr við málverk í
gylltum ramma. Inni í rammanum er mynd af
kona Gerhards Richters sem gengur nakin niður
stíga með þetta málverk Duchamps í fanginu.
Svo reynir Erró að halda því fram að það sé
hending hvernig verk hans verði till!“

Hef aldrei haft áhuga á teiknimyndasögum sem slíkum

Man Erró hvenær hann komst fyrst í tæri við
teiknimyndasögurnar? „Það var tiltölulega
seint,“ segir Erró. „Ég hef aldrei haft sérstakan
áhuga á teiknimyndasögum sem slíkum. Ég les
þær aldrei heldur liggur þetta bara eins og hver
annar efniviður á borðinu sem ég nota öðru
hverju. Þetta er eins og salt og pipar í myndirn-

ar.“ Hann segir að það að geta valið úr ógrynni
ímynda sem aðrir hafa skapað, með þeim hætti
sem hann gerir í verkum sínum, veiti sér meira
frelsi. Áhrifin koma úr öllum mögulegum og
ómögulegum áttum og það kemur í ljós að Erró
fylgist jafn vel með fatatískunni og því sem er
gerast í myndlist. „Stundum er jafnvel meira
gaman að fara á tiskusýningar en málverkasý-
ningar.“ Tilvísanir í listasöguna eru áfram fyrir
hendi og Erró segir barokkmálverkið eiga hug
sinn allan um þessar mundir. „Ég hef sérstak-
lega gaman af að skoða málverk þar sem mynd-
flöturinn er flókinn og vel upp byggður og er
alltaf að verða meira hrifinn af Rubens og verk-
um listamanna eins og Bruegelbræðra og Bosch.
Fenejaskólinn hefur verið í uppáhaldi hjá mér í
mörgu ár og þá sérstaklega verk Tintoretto og
Veronese.“

Sýning Errós í nýjum sýningarsölum Hafnar-
hússins er ekki eina sýning hans á Listahátíð því

í Galleríu Sævars Karls verður opnuð á morgun
sýning á svokölluðum „Vasamyndum“ Errós og
skúlptúrum eftir Guðjón Bjarnason. „Einhverju
sinni þegar ég kom til Errós sagðist hann ætla
að sýna mér nokkuð sniðugt,“ segir Gunnar.
„Svo fór hann ofaní skúffu hjá sér og tók fram
litlar myndir sem ég hafði aldrei séð áður, enda
vinnur hann oftast mjög stórt. Erró segir mér að
þetta séu myndir til að stinga í vasa, „vasamynd-
ir.“ Þetta eru andlitsmyndir, flestar af konum,
nærmyndir sem Erró hefur klippt út úr ólíkum
teiknimyndaseríum.

Eins og leikur að mála

Erró slær því fram í gríni að hann kunnir að
vera á leið í helgan stein, segist vera kominn á
aldur og farinn að þiggja eftirlaun frá franska
ríkinu. En auðvitað hyggur hann ekki á slík um-
skipti að snúa baki við málaraústíttinni. „Þetta er
leikur fyrir mér að vinna.“